

783. stjórnarfundur UMSE haldinn í Búgarði mánudaginn 4. júní. 2018 kl. 18:15

Mættir eru: Sigurður, Einar, Kristlaug, Hólmfríður, Edda Kamilla, Ásdís.

Forfallaðir: Þorgerður, Björgvin, Guðrún.

1. Fundur settur.

Sigurður setti fundinn kl 18:15

2. Fundargerð síðasta fundar.

Engin athugasemd vegna síðustu fundargerðar og telst hún því samþykkt.

3. Innsend bréf.

Bréf frá UMFS – að skrifstofa UMSE verði starfrækt á Dalvík 1x í viku næsta vetur.

Rætt um þetta, gæti hugsanlega verið of mikið að hafa einu sinni í viku, prófum fyrst einn dag í mánuði og endurmetum svo framhaldið eftir því hvernig gengur.

4. Styrkumsóknir.

Sjö umsóknir bárust um styrk í ferðasjóð að þessu sinni. Ákveðið var að ferðastyrkir vegna ferðalaga innanlands verði 20.000. kr. og ferða erlendis verði 25.000. kr.

Það eru 9 umsóknir til að fara yfir

Eftirfarandi sóttu um styrki

Sveinbjörn Hjörleifsson - hafnað

Hjörleifur Sveinbjörnsson - samþykkt.

Amalía Nanna Júlíusdóttir – samþykkt.

Egill Már Þórrsson – hafnað.

Anna Ágústa Bernharðsdóttir – hafnað.

Agnes Fjóra Flosadóttir – samþykkt.

Hópumsókn frá Golfklúbbnum á Dalvík. Vegna æfingarbúða ungmenna á Spáni Eftirfarandi krakkar fóru:

Amanda Guðrún Bjarnadóttir

Arnór Snær Guðmundsson

Aron Ingi Gunnarsson

Birnir Kristjánsson

Snævar Bjarki Davíðsson

Veigar Heiðarsson

Þormar Ernir Guðmundsson – hópumsóknin er samþykkt.

Hákon Sigmundsson – samþykkt.

Sundfélagið Rán vegna ferðar dómara á sundmót þar sem þess er krafist að félag sendi dómara með keppendum – hafnað.

Alls samþykkt að veita styrki að fjárhæð 255.000 kr.

5. Mál

- Velja þarf stjórnarmeðlim til að sitja í stjórn Fræðslu- og verkefnasjóðs. Edda Kamilla er tilbúin að taka það að sér og er það samþykkt á stjórnarfundinum.

- Rætt um búningamálin, eitt félag er búið að hafa samband við UMSE og langar að fara stað með mátun og pöntun á UMSE búningum. Væri gott að keyra þetta í gang og reyna virkja aðeins vegna yfirvofandi landsmóta sem verða í ár bæði Unglingalandsmótið sem haldið verður í Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina og svo Landsmótið sem haldið verður á Sauðárkróki í sumar.

- Dagsetningar og kynning á sameiginlegum æfingum og stafgöngunámskeið. Ekki er komin dagsetning á það en stefnt verður að því að fara inn á æfingatíma hjá aðildarfélögum sem allra fyrst þar sem sumaræfingarnar eru að byrja.

6. Önnur mál.

Einar kom með smá umræðu með blómasöluna. Var dræm þátttaka í ár, aðeins þrjú aðildarfélög tóku þátt í blómasölnunni. Rætt um hvort eigi að rukka aðildarfélögin aðeins um kostnaðarverðið á blómasölnunni. Það samþykkt á fundinum.

Hólmfríður sagði frá því að tvær stelpur væri að flytja sig úr Sundfélaginu Rán yfir í Sundfélagið Óðinn vegna búferlaflutninga í haust.

Edda Kamilla sagði frá Sportabler appinu sem mörg félög eru að nota í dag. Ætlum að kanna þetta og sjá hvernig þetta er að virka hjá hinum félögunum.

7. Tilhögun næsta fundar.

Næsti fundur ákveðinn föstudaginn 29. júní kl 17.

Hólmfríður kemur með veitingar.

8. Fundarslit.

Sigurður sleit fundi kl 19:37

---

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

---

Sigurður Eiríksson, formaður.